

**107. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
18. mars 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varaformaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1804106 - Viðhald fasteigna Akraneskaupstaðar 2018**

Verðkönnun vegna breytinga á gluggum í Grundaskóla.

Þrjú eftirfarandi tilboð bárust:

SF smiðir ehf. 6.675.500

Hallamál ehf. 5.352.613

GS Import ehf. 5.974.500

Kostnaðaráætlun 5.496.975

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að taka tilboði Hallamáls ehf. í verkið.*

**2. 1903185 - Grundaskóli - færanleg skólastofa**

*Karl J. Haagensen fór yfir kosti á viðhaldi eða endurnýjun á viðhaldi á færanlegri skólastofu 0101.*

*Skipulags- og umhverfisráð vísar erindinu til bæjarráðs.*

**3. 1902178 - Faxabraut 3 - leiga / sala á húsnæði**

*Skipulags- og umhverfissvið leggur til við bæjarráð að eignarými kaupstaðarins á Faxabraut 3, verði sett á söluskrá.*

**4. 1903168 - Dalbrautarreitur**

Lagfæring á gögnum.

*Skipulagsráðgjafi lagði fram lagfæringar á greinargerð sem gerð var vegna skipulags fyrir Dalbrautreit og samþykkt var í B-deild stjórnartíðinda 30.11.2017.*

*Lagfæringar felast í eftirfarandi:*

*Tafla 2, í kafla 3.5.3 er að mati Skipulags- og umhverfisráðs einungis til viðmiðunar varðandi lágmarksfjölda íbúða.*

*Í töflu 5, undir kafla 3.7 er misritun á fjölda bílastæða í kjallara við Dalbraut 4. Í stað 45 stæða á að standa 35 stæði.*

*Skipulags- og umhverfisráð tekur undir ofangreindar lagfæringar/skilning og skal það álit haft til hliðsjónar við veitingu byggingarleyfa á lóðum viðkomandi skipulags á Dalbrautareit.*

**5. 1711014 - Sementsverksmiðja - samningur um niðurrif**

*Lárus Ársælsson verkfræðingur frá Mannviti fór yfir öryggisáætlun varðandi niðurfellingu á Sementstrompi. Jafnframt var farið yfir möguleika á að fjarlægja*

RS  
SFV

veggi við sandgryfju.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Lárusi Ársælssyni kynningu á öryggisáætlun varðandi niðurfellingu Sementsstromps.

Varðandi möguleika á að fjarlægja veggj við sandgryfju er sviðsstjóra falið að vinna málið frekar.

**6. 1901367 - Deiliskipulag Skógahverfi 2. áfangi - Baugalundur 6**

Erindið var grenndarkynnt frá 7. mars til 4. apríl 2019, fyrir lóðarhöfum við Blómalundur 1 og 3, og við Baugalundur 1, 3, 4 og 8. Lóðarhafi á Baugalundi 8 skilaði inn lóðinni, aðrir hafa sent inn tölvupósta um að þeir geri ekki athugasemd við breytinguna. Lóðarhafi á Baugalundi 8 skilaði inn lóðinni.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**7. 1901203 - Aðalskipulag Skógarhverfi - breyting**

Árni Ólafsson skipulagshönnuður fór yfir drög að breytingum á aðalskipulagi Skógarhverfis 3. áfanga.

**8. 1811123 - Deiliskipulag Skógarhverfi 3. áfangi**

Árni Ólafsson skipulagshönnuður fór yfir drög að breytingum á deiliskipulagi Skógarhverfis 3. áfanga.

**9. 1805150 - Deiliskipulag Æðarodda - breyting vegna reiðskemmu**

Haldinn var kynningarfundur / opið hús fimmtudaginn 14. mars s.l., einn aðili mætti.

Breyting á deiliskipulagi Æðarodda felst m.a. í að skilgreina nýja lóð undir reiðskemmu. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

**10. 1811010 - Sunnubraut 17 viðbygging - umsókn um byggingarleyfi**

Umsókn um viðbyggingu sem felst í að byggja eina hæð ofan á bílskúr sem byggður var 2004. Samþykki meðeigandi fylgir með. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,43 eftir breytingu væri nh. 0,47. Heimilt nýtingarhlutfall skv. greinargerð deiliskipulags Arnardalsreits er 0,55.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fram fari grenndarkynning á breytingunni skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum við Sunnubraut 14, 15, 16, 18, 19, 20, 21, 22 og 24, Skagabraut 2, 4, 6 og 8, Kirkjubraut 32 og Merkigerði 21.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:15

Ragnar Samundsson  
 Guðmundur Jónsson  
 Ólafur Pálsson  
 Samur Freyr Þórisson  
 Steinn Þorsteinsson  
 Sig. V. H.  
 Haldrún Sig. rit